

GJALDSKRÁ

fyrir kalt vatn á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu.

1. gr.

Vatnsgjald.

Vatnsgjald ársins 2015 og framvegis, þar til annað verður ákveðið, er reiknað skv. eftirfarandi reglu:

Vatnsgjald er 5.559,54 kr. fastagjald + 215,73 kr. á hvern fermetra miðað við hverja mats-einingu skv. fasteignamati. Í Borgarbyggð (þéttbýli), Stykkishólmi, Grundarfirði, Gráborg-arveitu*), Munaðarnesveitu*) og Úthlíðarveitu*) er fastagjald 6.343,32 kr. + 279,23 kr. á hvern fermetra. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði er undanþegið fastagjaldi. Ekki er inn-heimt vatnsgjald af húsnæði utan dreifikerfis vatnsveitunnar. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamati. Vatnsgjald þetta er miðað við byggingarvístölu í desember 2014 og upp-færir skv. henni í desember ár hvert.

*) Vatnsveitur í sumarhúsabyggðum. Árlegt vatnsgjald skal að lágmarki vera 29.803,61 kr.

Vatnsgjald innheimtist af Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu.

Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu er heimilt að gjalffella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum álagningarinnar.

2. gr.

Notkunargjald vatns.

Notkunargjald þann 1. janúar 2015 er 29,08 kr./m³ og byggingavatn 134,29 kr./dag.

Fast gjald sem er háð stærð mælis:

| <i>Stærð mælis</i> | <i>Fast gjald kr./dag</i> | <i>Fast gjald fyrir brunna¹ kr./dag</i> |
|--------------------|-------------------------------|--|
| 15 mm | 34,62 | 115,53 |
| 20 mm | 35,24 | 116,16 |
| 25 mm | 45,36 | 126,29 |
| 32 mm | 50,82 | 131,76 |
| 40 mm | 61,16 | 142,12 |
| 50 mm | 74,80 | 155,78 |
| 65 mm | 100,92 | 181,66 |
| 80 mm | 195,79 | 276,93 |
| ≥ 100 mm | 205,86 | 287,01 |

¹ Verðlagning byggir á 2. ml. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitar-félaga. Gildir fyrir afhendingu vatns í brunni þar sem skráð fasteign er ekki til staðar.

3. gr.

Heimæðargjöld.

Gjaldskráin miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað Orkuveitunnar við lóðarmörk, að inntaksstað mannvirkis sem Orkuveitan hefur samþykkt.

| | | | | | | | |
|---------------------|---------|---------|---------|---------|-----------|-----------|-----------|
| Þvermál inntaks: | 32 mm | 40 mm | 50 mm | 63 mm | 75 mm | 90 mm | 110 mm |
| Heimæðar-gjald kr.: | 258.575 | 369.523 | 528.078 | 764.349 | 1.010.287 | 1.352.491 | 1.864.556 |

Heimæðargjald fyrir inntök > 110 mm er reiknað út hjá OR.

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargaldi og fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar.

Byggingavatn og brunnar:

| <i>Byggingavatn til og með 50 mm</i> | <i>kr.</i> |
|--|------------|
| Uppsettur byggingavatnskrani ¹ | 74.203 |
| Aftenging byggingavatnskrana, yfirborð ófrágengið | 64.432 |
| Aftenging byggingavatnskrana, yfirborð malbik eða steypa | 170.317 |
| Uppsettur brunnur fyrir vatnsafhendingu ² | 56.531 |

¹ Gildir þegar tengt er við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk.

² Sé sótt um heimæð í brunn þar sem fasteign er ekki til staðar leggur Orkuveitan til brunninn og kemur honum fyrir. Umsækjandi greiðir einnig heimæðargjald í samræmi við stærð sem sótt er um.

Heimæðar fyrir frístundahús:

| <i>Staðsetning</i> | <i>Málstærð</i> | <i>kr.</i> |
|--|-----------------|------------|
| Heimæð lögð stök frá stofn- eða götuæð | 25 mm | 661.472 |
| Heimæð lögð í sama skurð og samtímis heitavatnsheimæð OR | 25 mm | 475.058 |

Þetta verð miðast við heimæð allt að 100 metrum að lengd. Umsækjandi greiðir sérstaklega fyrir klapparbrot.

4. gr.

Gjöld skv. 2. og 3. gr. miðast við byggingarvísítolu fyrir desember 2014 og uppfærast á 3ja mánaða fresti.

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 öðlast gildi 1. janúar 2015. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1172/2013.

Reykjavík, 16. desember 2014.

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu,

Inga Dóra Hrólfssdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2014